

LITLI TÓNSPROTINN

DREKINN INNRA MEÐ MÉR



12. MAÍ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 12. MAÍ 2018 KL. 14

Bernharður Wilkinson *hljómsveitarstjóri*
Þórunn Arna Kristjánsdóttir *sögumaður*
Eyrún Helga Aradóttir *táknmálstúlkur*
Ástbjörg Rut Jónsdóttir *söngur á táknmáli*
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Asako Ichihashi *danshöfundur og æfingastjórn*
Baldur Baldursson *myndvinnsla*

DAGSKRÁ

Wolfgang Amadeus Mozart

Rondo alla Turca

Elín Gunnlaugsdóttir *tónlist*
Lailla Margrét Arnþórsdóttir *saga*
Svafa Björg Einarisdóttir *myndir*
Þórarinn Eldjárn *söngtexti í Drekalagi*

Drekinn innra með mér fyrir sögumann og sínfóníuhljómsveit

Inngangur
Drekadans
Kisa og ég
Drekinn og ég erum hrædd
Drekinn er reiður
Blásúm á biðukollur
Drekinn er spenntur
Afmæli
Drekinn er dapur – Kisa er týnd
Endir
Drekalag

Julius Fučík

Mars skylmingameistaranna



DREKALAGIÐ

Drekinn minn er léttur, ljúfur,
lungamjúkur, ekki hrjúfur,
inni á milli ósköp hræddur,
uppgefinn og raunamæddur.

Drekinn sem er
og aldrei fer,
drekinn í mér,
drekinn í þér,
drekinn sem er
í öllum hér.



© Svafa Björg Einarsdóttir

Hann er stundum hress og kátur
hlægjandi og eftirlátur,
stundum alveg öskureiður,
yfirmáta fúll og leiður.

Drekinn sem er...

Stundum eitthvað yfirspenntur
eldspúandi skögulenntur.
stundum líka dræmur, dapur,
dauflegur og frekar napur.

Drekinn sem er...

Stundum bara allt í einu
út af svo sem varla neinu
raðast upp í ótal bitum
óteljandi heimsins litum.

Drekinn sem er...

FRÓÐLEIKSMOLAR FYRIR FORVITNA

Þegar Mozart var ungur maður í Vínarborg hljómaði litrík og fjörug tónlist á strætum og torgum borgarinnar í flutningi tyrkneskra tónlistarmanna. *Rondó í tyrkneskum stíl (Rondo alla Turca)* eftir Mozart sem er leikið af heilli símfóníuhljómsveit á tónleikunum í dag var upphaflega samið fyrir píanó. Rondóið er glaðvært og grípandi og varð fljótt mikið eftirlæti.

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn sem býr innra með stúlkunni kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim. Drekinn fær sérstakt stef sem birtist í ýmsum myndum og hríslast um hljómsveitina allt eftir því í hvers konar skapi hann er. Í upphafi er drekinn ósköp glaður en þegar líður á verkið brjótast fram ólíkar tilfinningar og hann ýmist dansar af gleði eða fuðrar upp í reiði. Inni við beinið er drekinn þó besta skinn og er það von höfundar að tónleikagestir finni sinn eigin dreka innra með sér á tónleikunum.



Það eru margir sem þekkja litla snotra marsinn sem tékkneska tónskáldið Julius Fučík samdi um skyldingameistarana. Á dögum Rómverja voru þeir ofurstjórnur í heimi íþróttanna. *Mars skyldingameistaranna* hljómar oft í skruðgöngum og sirkustjöldum þegar hetjur og heljarmenni á borð við ljónatemjara og fjöllistafólk er kynnt til leiks.



LISTASMIÐJA Í HÖRPUHORNÍ

Á undan og eftir tónleikunum gefst tónleikagestum kostur á að búa til sínar eigin drekagrímur.

MYNDATAKA MEÐ DREKANUM OG MAXA

Eftir tónleika gefst tónleikagestum tækifæri til að láta mynda sig með Drekanum og Maxímús Músíkús fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



MENTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

LITLI TÓNSPROTINN Á KOMANDI STARFSÁRI

Lau. 6. okt. kl. 14:00

Maxímús Músíkús fer á fjöll

Nýtt ævintýri um músina knáu þar sem íslensk tónlist er í forgrunni. Á lifandi hátt magnar tónlistin upp spennandi sögur af músum og tröllum, jarðskjálfta og eldgosi í jöklaferð. Sögumaður er Unnur Eggertsdóttir og stjórnandi Daníel Bjarnason.



Lau. 15. & sun. 16. des. kl. 14:00 & 16:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Stúlknaþór Reykjavíkur, Valgerður Guðnadóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt táknaþáskór, þjöllukór, ungum hljóðfæra-leikurum og listdönsurum færa hlustendum jólalögin og -ævintýrin í sannkölluðum hátíðarþúningi. Kynnir er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri Bernharður Wilkinson.

Lau. 16. feb. kl. 14:00

Pétur og úlfurinn

Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um *Pétur og úlfinn* ljóslifandi í barnvænni og fallettri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur undir stjórn Maximes Tortelier. Brúðusýning Bernds um Pétur og úlfinn er töfrum líkust og hefur farið sigurför um heiminn.



Lau. 4. maí kl. 14:00

Strákurinn og slikkerið

Nýtt tónlistarævintýri eftir Jóhann G. Jóhannsson sem byggt er á sögu eftir Roald Dahl þar sem við sláumst í för með litlum dreng og þremur vinum hans; giraffa, pelíkana og apa. Brynhildur Guðjónsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson ásamt Stúlknaþór Reykjavíkur flytja tónlistarævintýrið undir stjórn Noam Aviel.